



Garðabær, 20. maí 2019

Reykjavíkurborg,
Skóla- og frístundasvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Vegna viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem greitt er framlag með vegna náms í International School of Iceland.

Í bréfi ykkar til skólans, dags. 6. maí 2019 kemur fram að Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hyggist leggja til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem Reykjavíkurborg muni greiða með til skólans vegna skólaáranna 2019-2020, 2020-2021 og 2021-2022 skulu haldast óbreytt, þ.e. 30 nemendur á ári.

International School of Iceland vill koma á framfæri að nemendum frá Reykjavík hefur fjölgað jafnt og þétt við skólann undanfarin ár. Skólaárið 2020-2021 hyggst skólinn taka í notkun hluta af nýju húsnæði sínu og mun þá vera í stakk búinn til að taka við enn fleiri nemendum. International School of Iceland leggur því til að ef á að fastsetja fjölda nemenda frá Reykjavík sem geta stundað nám við skólann næstu þrjú árin að viðmiðið verði þá hækkað í 40 - 50 nemendur.

Virðingafyllt

Guðrún Hanna Hilmarsdóttir
Skólastjóri

International School of Iceland
Löngulínu 8,
210 Garðabær
hanna@internationalschool.is

